

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á

vigfus@hafnarfjordur.is.

Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 4. TBL. 12. SEPTEMBER 2008

Teiknisamkeppni í 5. bekk um gerð frímerkis

Efnt er til teiknisamkeppni meðal 5. bekkjarnemenda í Hafnarfirði um gerð frímerkis. Keppnin er haldin í tilefni þess að norræn frímerkjasýning verður haldin dagana 28. - 31. maí 2009 í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði.

Eftirfarandi reglur gilda um samkeppnina:

1. Hver teikning skal unnin á hvítt A-4 teikniblað og aðeins ein teikning á hvert blað þar sem allar hugsanlegar vinnuáðferðir eru notaðar (klippimynd, tússpennar, olíulitir o.s.frv.).

2. Hver nemandi getur aðeins skilað inn einni teikningu í keppnina og getur framsetning verið hvort heldur sem er lárétt eða lóðrétt.

3. Þema keppinnar er:

Álfar – íslensk þjóðtrú.

4. Frágangur: Enginn texti sé á sjálfri teikningu; höfundarnafn skal skrifað með blyanti aftan á mynd og sérstakt skráningarblað (höfundur, skóli, bekkur, heiti o.fl.) sé útfyllt með hverri teikningu og fylgi henni í opnum plastvasa.

5. Skiladagur teikninga er miðvikudaginn 29. apríl 2009 til Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.


6. Allar frímerkjahugmyndir sem berast í keppnina verða hengdar upp á sýningunni 2009 og skilað aftur til eigenda að sýningu lokinni - í gegnum skólana.

Þriggja manna dómnefnd mun leggja mat á teikningarnar og veitt verða þrenn verðlaun og fá sigurveggarar teikningu sína á svonefnd persónuleg frímerki

sem Íslandspóstur hefur hafið útgáfu á. Ennfremur munu allir nemendur fá viðurkenningskjal fyrir þátttöku sína.

Hver skóli mun í næstu viku fá sérstaka möppu fyrir verkefni nemenda.

Það er Landssamband íslenskra frímerkjasafnara sem efnir til samkeppinnar í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og myndmenntakennara í Hafnarfirði.



HAFNARFJÖRÐUR

Hlustunarefni Námsgagnastofnunar á vef

Námsgagnastofnun hefur á síðustu árum lesið inn á geisladiska margar námsbækur sem stofnunin hefur gefið út, gjarnan nefndar hljóðbækur. Slíkt hefur verið gert fyrir nemendur sem hafa átt í lestrarvanda. Nú er sú breyting orðin að í stað þess að gefa náms efni út sem hljóðefni á diskum er það niðurhlaðanlegt frá vef Námsgagnastofnunar, www.nams.is. Með því móti geti skólar nálgast hljóðbækurnar frítt og Námsgagnastofnun losnar við útgáfukostnað. Hljóðbækurnar er hægt að hlaða niður fyrir tölvuflutning á mp3-skrársniði og

einnig á sniði sem iPod tónvarpar geti skilið. Leiðbeiningar um þetta er að finna á vef Námsgagnastofnunar. Enn sem

komið er aðeins sumar hljóðbækur að finna í niðurhali og er hægt að sjá slíkt á vef stofnunarinnar sömuleiðis.



Skólaþróun



FRÉTTIR

úr
stjórn-
kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 8. september
165. fundur:

- Kynntar niðurstöður úr árlegri rannsókn á högum og líðan nemenda í 8.-10. bekk í Hafnarfirði.
- Lagt fram bréf frá Maríu Kristínu Gylfadóttur vegna náms grunnskólanemenda í framhaldsskóla og einnig bréf frá skólameistara Flensborgarskólans um sama efni. Málinu vísað til fræðsluviðs.
- Kynnt málstofa Sambands íslenskra sveitarfélaga um skólamála þann 6. október nk.
- Lagt fram minnisblað fræðslustjóra um stöðugildi í kennslu í grunnskólum en nánari gögn munu liggja fyrir á næsta fundi ráðsins, m.a. um hlutfall leiðbeinenda.
- Bréf frá starfshópi um breytingar í nágrenni Öldutúnsskóla sem telur ekkert mæla gegn því að leikskóli geti einnig komist fyrir á skipulagsreit skólans. Málinu vísað áfram til framkvæmdaráðs og skipulags- og byggingarráðs.

Tilkynning vikunnar

Evrópsk umferðarvika stendur yfir frá 16.-22. september en hún er jafnframt umferðarvika í Hafnarfirði. Grunnskólunum hafa verið sendar nokkrar hugmyndir að viðfangsefnum til að vinna með í umferðarvikunni.

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
19. september 2008

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

- » Frá Námsgagnastofnun: **Málrækt 3** eftir Guðmund B. Kristmundsson, Rósu Björk Þorbjarnardóttur og Þóru Kristinsdóttur hefur nú verið endurskoðuð af höfundum. Sem fyrr er námsefnið einkum ætlað nemendum í 7. bekk. Í bókinni er að finna hverskyns verkefni og æfingar í móðurmálinu með aðaláherslu á málfræði og ritun en einnig stafsetningu og bókmenntir. **Málrækt 1** og **Málrækt 2** eru einnig komnar út eftir endurskoðun.
- » Einnig eru nýkomin út **Námsmatsverkefni** með bókunum **Átta-tíu 5** og **6**. Verkefnið eru gefin út á geisladiski. Höfundur er Guðbjörg Pálsdóttir.



Áður eru komin námsmatsverkefni með bókunum **Átta-tíu 1 og 2** og **Átta-tíu 3 og 4**. Annað nýtt stærðfræðiefni **Vinkill 3** sem er ítarefni í stærðfræði fyrir 10. bekk er kominn til útprentunar á vef Námsgagnastofnunar. Lausnir með heftinu koma fljótlega. Áður hefur verið gefið út á sama hátt **Vinkill 1** og **Vinkill 2** ásamt lausnum. **Vinkill** ásamt lausnum má finna á vefnum **Stærðfræði fyrir unglingastig** sem er safnvefur fyrir allt vefefni í stærðfræði fyrir unglingastig ásamt krækjufasfni á vef stofnunarinnar.


Frá námskeiðahaldi haustsins á Skólaskrifstofu. Helgi Gíslason, sérkennsluráðgjafi grunnskóla, flytur erindi.

Listin að spyrja góðra spurninga í kennslu

Fræðiefni vikunnar er lítil handbók í spurningalist fyrir kennara. Handbókin nefnist **Out of the Question: guiding students to a deeper understanding of what they see, hear, and do**. Þetta er 32 síðna flettitrit sem hægt er að nálgast á vefnum en það er ekki hægt að prenta það út - mér hefur alla vega ekki tekist það.

Í handbókinni er kennurum bent á ýmsar aðferðir og kynnt hvernig megi nálgast kennslu á mis-

munandi vegu. Áherslan er á hvernig sé hægt að beita



margvíslegum spurningum í ólíkum tilgangi eftir markmiðum í kennslu hverju

VEFSLÓÐ: <http://www.stenhouse.com/pdfs/question.pdf>

Fræðiefnið

sinni. Þá er einnig fjallað um hvernig megi vinna með hugsun, tilfinningar, sköpun og færni í spurningaaðferð. Þá er einnig bent á hvernig nota megi spurningar sem lið í námsmati. Þetta efni er mjög hagnýtt og ekki fræðilegt þótt það sé byggt á skýrum fræðum og rannsóknunum. Það er sett fram sem hagnýtt verkefni fyrir kennara og því hugsað fyrir þá.

Umferðarumræða í Evrópskri samgönguviku

Evróska samgönguviku hefst á þriðjudag í næstu viku og í tilefni þess er minnt á Umferðarvefinn. Hann er samstarfsverkefni Námsgagnastofnunar, Umferðarstofu og Grundaskóla. Þar eru margs konar upplýsingar um umferðarmál fyrir nemendum, skipt í eldri og yngri nemendum, og fyrir kennara og foreldra.

Þar er kannski að finna

VEFSLÓÐ: http://www.umferd.is/page/umferd.is_forsida

Vefhornið



efni sem þú getur nýtt þér til að minna á öryggi í umferðinni og ábyrg allra þar

sem virðing fyrir umferðarreglum er höfð að leiðarljósi??